

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Hnoðraholt, Smalaholt og Rjúpnahæðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 26. apríl 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 26. apríl 2002.

Breytingin felst í því að svæði fyrir þjónustustofnanir og óbyggt svæði breytist að hluta til í íbúðarsvæði. Um er að ræða þrjú ný íbúðarsvæði í Hnoðraholti, Smalaholti og á Rjúpnahæð, samtals um 34 ha fyrir um 360 íbúðir og er áætlaður fjöldi íbúa 1100. Tenging tengibrautar (Ofanbyggðavegar) á milli Hnoðraholts og Smalaholts við Arnarnesveg færist lítillega til austurs. Lega göngu- og reiðleiða og afmörkun golfvallar og skógræktarsvæðis breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. apríl 2006.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Kristín L. Árnadóttir.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2006